

## Stjórnarfundur ÍBA

Haldinn að Glerárgötu 26, 2.janúar 2012 kl. 17.00

Mætt voru: Þröstur Guðjónsson, Haukur Valtýsson, Magnús Gauti Gautason, Margrét Ólafsdóttir, Ármann Ketilsson og Þóra Leifsdóttir framkvæmdastjóri.



### 1. Íþróttamaður Akureyrar

Margrét sagði frá stöðunni á undirbúningi fyrir athöfnina en stefnt er að því að hún verði 18.janúar

Rætt um og samþykkt að panta fána með merkjum aðildarfélaganna. Ákveðið var að senda út beiðni um tilnefningar og að svör eigi að vera komin til baka fyrir 11.janúar.

Rætt um ábendingar hverja á að heiðra, ýmis nöfn voru nefnd.

### 2. Umræða um bandalagsþing

Næsta þing ÍBA verður þing nr. 60 og var stungið upp á að það verði haldið 25.,26. eða 27. apríl. Rætt um að skoða nauðsyn þess að gera breytingar á lögum bandalagsins. Val á íþróttamanni Akureyrar er í reglugerð, hún skal einnig skoðuð. Ákveðið var að senda út til félaganna að skilafrestur á tillögum um lagabreytingar er til 1.mars.

### 3. Afmælisár Akureyrarbæjar og ÍSÍ

Félög virðast vera róleg að senda sína dagskrá, verið er að ýta á eftir þeim sem eiga eftir að senda.

Í bréfi til undirbúningsnefndar voru tillögur sem ef af verður þá þarf að leggja undirbúningsvinnu í. Nefnd voru fyrirlestrarhald og sýning á íþróttatengdum munum. Ákveðið var að vera ekki með sýningu heldur hafa hana tengda stórafmæli (70) bandalagsins eftir 3 ár. Menn voru hvattir til að huga að góðum hugmyndum og útfærslu á þeim. Þröstur nefndi hugmynd sína að koma á samstarfi við vinabæi Akureyrar að halda mót með 2-3 íþróttagreinum.

### 4. Önnur Mál

Þröstur upplýsti um samskipti og samskiptaleysi um breytingar á æfingatímum á föstudögum í Glerárskóla. Stjórn var sammála um að breytingarnar skuli ganga eftir.

Magnús Gauti upplýsti um Lottóúthlutunina. Felix er bara uppfærður einu sinni á ári 15.apríl. Stefnt skal að því að miða við lægri tölu ef um ósamræmi er að ræða í skýrslum frá félögunum en samræmi var núna betra en oft áður.

Rædd voru heimasíðumál ÍBA. Stjórn var sammála um að nauðsynlegt væri að setja fleiri upplýsingar þar inn.

MÓ